



Betri vinnutími vaktavinnufólks

Þann 1. maí 2021 munu breytingar á vinnutíma vaktavinnufólks taka gildi. Um er um að ræða starfsmenn í búsetuþjónustu og íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. Breytingarnar felast einkum í breyttu vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi, en vinnuvikan styttest að lágmarki úr 40 í 36 virkar vinnustundir miðað við 100% starf. Viðbótarstytting í allt að 32 virkar vinnustundir er möguleg og grundvallast á mismunandi vægi vinnustunda. Vaktaálagsflokkum fjölga og greiddur er sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölda og fjölbreytileika vakta. Með þessu aukast möguleikar vaktavinnufólks til að vinna hærra starfshlutfall en áður og hækka þannig tekjur sínar.

Forstöðumenn ofangreindra eininga, í samráði við mannauðsstjóra og launadeild, hafa unnið að því að skipuleggja innleiðingu breytinganna undanfarna mánuði m.a. með greiningu á starfsemi og umbótasamtölum. Unnið hefur verið eftir því formlega ferli sem verkefnastjórn og innleiðingahópur sveitarfélaga hafa lagt til. Forstöðumenn eru sem stendur að leggja drög að vaktaskýrslum m.t.t. breytinganna.

Liður í þessari vinnu er gerð kostnaðarmats sem útfært er í svokallaðri Gullinbrú 3.1, en það er mönnunarlíkan sem ætlað er að varpa ljósi á stöðu mönnunar fyrir og eftir breytingar og hvort náist að brúa mönnunargat sem óhjákvæmilega myndast við breytingarnar. Jafnframt að leggja mat á þá kostnaðaraukningu sem til kemur vegna breytinganna.

Niðurstöður líkananna benda til þess að kostnaður muni haldast við eða rétt undir viðmiðunarmörkum, þ.e. 7,1% og að mönnunargat verði brúað með núverandi starfsmönnum, sem í langflestum tilfellum voru reiðubúnir að auka starfshlutfall sitt, m.t.t. styttingarinnar.

Sá fyrirvari skal hafður á að vaktahvati kann að vera vanmetinn í þeim tilfellum þar sem starfshlutfall er minna en 70%.

Óskað er eftir að mannauðsstjóri, ásamt deildarstjóra launadeildar, fái að kynna niðurstöður og vinnu þessu tengt frekar á fundi bæjarráðs, þann 8. mars 2021 og þá svara fyrirspurnum ef svo ber undir.